

Ed.

225. Breytingartillaga

[188. mál]

við frv. til l. um sérstakan barnabótaauka.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Við 2. gr. 2. málsg. orðist svo:

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1984 fer fram úr 360 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 500 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1984 fer fram úr 240 000 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 400 000 kr.